

**Sp.**

## **28. Tillaga til þingsályktunar**

um samning skýrslu um kostnað ríkissjóðs við sendiferðir til útlanda síðan stríði lauk.

Flm.: Gylfi Þ. Gíslason og Hannibal Valdimarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera og birta Alþingi sundurliðaða skrá um þær fjárhæðir, sem greiddar hafa verið úr ríkissjóði og af ríkisstofnunum sem ferða- og dvalarkostnaður eða laun sendimanna, sem farið hafa utan opinberra erinda síðan stríði lauk, til þátttöku í ráðstefnum og þingum hvers konar, í markaðsleit eða til undirbúnings einhverjum framkvæmdum, og skal tilgreindur sérstaklega kostnaðurinn við hverja sendiferð.

### **Greinargerð.**

Gjaldeyrisskorturinn er nú eitt helzta viðfangsefni í fjárhagsmálum þjóðarinnar, og hafa þegar verið gerðar margháttaðar ráðstafanir til sparnaðar í gjaldeyrisnotkun. Má þar fyrst nefna hina víðtæku skömmtnun, sem nýlega hefur verið tekin upp, takmörkun á veitingu gjaldeyrisleyfa til náms og ferðalaga erlendis o. fl. Á undanförunum árum og þó einkum síðan stríði lauk, hefur ríkisvaldið sjálft notað allmikinn gjaldeyri til greiðslu á kostnaði við ýmiss konar sendiferðir til útlanda, enda hefur íslenska ríkið, síðan lýðveldið var stofnað, gerzt þátttakandi í margs konar alþjóðlegu samstarfi og verið boðin þátttaka í ýmiss konar alþjóðlegum ráðstefnum og þingum. Jafnframt hefur kveðið allmikið að því, að hið opinbera hafi sent menn og oft allfjöldmennar nefndir utan margs konar annarra erinda og þá fyrst og fremst í ýmiss konar markaðsleit og til undirbúnings alls konar framkvæmdum.

Allir munu sammála um, að nauðsynlegt sá, að Íslendingar taki einhvern þátt í sumum greinum alþjóðasamstarfs, nú er þeir hafa tekið utanríkismál sín í eigin hendur. En hins er þá að geta, að sökum smáðar þjóðarinnar og litillar fjárhagsgetu, samborið við hinar stærri þjóðir, verður að stilla kostnaði vegna þátttöku í slíku samstarfi mjög í hóf, og munu ýmsir telja, að útgjöld þau, sem ríkissjóður hefur haft af þessum sökum síðan stríðinu lauk, séu meiri en eðlilegt geti talizt, miðað við gjaldeyrisaðstöðu þjóðarinnar, eins og hún er nú. Það er því mjög gagnlegt, að upplýst sé, hver þessi kostnaður hefur verið, en það sést ekki nægilega glögg af ríkisreikningum auk þess sem þeir eru venjulega mjög síðbúnir. Þá er hægt að gera sér grein fyrir, hvort þessi kostnaður hefur verið meiri en fært og skynsamlegt er að greiða eða ekki. Enginn mun draga í efa, að nauðsynlegt sé að senda erindreka utan til að efla sölu íslenskra afurða og undirbíta gagnlegar framkvæmdir innanlands og að þeim gjaldeyri, sem varið er í slíku skyni, sé vel varið, ef duglegir og hæfir sendimenn eiga í hlut. Það orð hefur hins vegar legið á, að undanfarin ár hafi árangur af slíkum sendiferðum ekki verið í samræmi við tölu þeirra og kostnað þann, sem af þeim hefur hlotizt, og telja margir, að ástæða sé til þess að gæta framvegis meiri ráðdeildar og sparsemi í þessum efnum en átt hefur sér stað hin síðustu ár. Til þess að unnt sé að gera sér grein fyrir, hvort ástæða sé til sparnaðar á þessu sviði, miðað við síðustu ár, er nauðsynlegt að víta, hversu miklu hefur verið varið í þessu skyni.

Um það ætti ekki að geta orðið ágreiningur, að jafnhliða því, sem námismönnum og þeim öðrum, sem eiga nauðsynleg og gagnleg einkaerindi til útlanda, er skammtaður mjög naumur gjaldeyrir og allur almenningur verður að sætta sig við ýmis óþægindi vegna gjaldeyrisskorts, þá sé sjálfsagt, að ríkisvaldið sjálft gæti hins ýtrasta sparnaðar í notkun erlends gjaldeyris, m. a. með því að kosta ekki meira fé til sendiferða til annarra landa en nauðsynlegt og skynsamlegt er.